

Auglýsing vegna umsókna á tímabundnu rannsóknaleyfi vegna efnistöku innan ríkisjarðarinnar Eskey.

Rannsóknarleyfi vegna efnistöku:

FSRE f.h. Ríkissjóðs Íslands auglýsir til umsókna rannsóknaleyfi vegna efnistöku innan ríkisjarðarinnar Eskey með landnúmerið 213516, Hornafirði.

Afmörkun verkefnis

Áformað er að veita rannsóknarleyfi vegna mögulegrar efnistöku í landi ríkisjarðarinnar Eskey L213516 innan marka sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Gert er ráð fyrir að rannsóknarsvæðið sé skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins og ber að gæta að því að skilmálar aðalskipulags séu uppfylltir.

Rannsóknarsvæðið er um 2,5 ha og er áætlað að rannsóknarleyfið sé allt að 3.500-4.000 tonnum af malarefni til allt að þriggja ára.

Markmiðið með markaðskönnun þessari er að tryggja að samkeppni geti orðið um mögulega úthlutun á auðlindanýtingu landsins og með því að auglýsa er einnig verið að gæta þess að unnið verði að faglegri áætlanagerð við nýtingu lands.

Um er að ræða tímabundið rannsóknarleyfi um efnistöku upp að ákveðnum magni innan svæðis í eigu ríkisins. Óskað er eftir tilboði í endurgjald fyrir nýtingu á allt að 3.500-4.000 tonnum malarefnis. Gerð krafa um að afriti af rannsóknarniðustöðum á malarefninu verði afhent FSRE til eignar og hagnýtingar.

Um markaðskönnun er að ræða og áskilinn er réttur til að fallast á umsókn frá einum eða fleiri eða hafna öllum.

Skipulagsleg staða

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarland. Ekkert deiliskipulag er á svæðinu. Samtal þarf að eiga sér stað á milli sveitarfélagsins um breytingu á skipulagi til að heimila efnistöku að allt að 4000 tonnum. Framkvæmdaleyfi yrði gefið út á grundvelli aðalskipulags.



Kröfur og hæfi

Hið opinbera gerir ríkar kröfur til aðila sem það á í viðskiptasambandi við. Óskað er eftir að áhugasamir aðilar geri grein fyrir hæfi sínu og leggi fram tillögu um starfsemi á svæðinu. Tekin verður afstaða til hugmynda þeirra aðila sem uppfylla neðangreindar hæfiskröfur.

Lágmarkskröfur til þátttakenda

- Ekki verður gengið til samninga við aðila/þátttakanda sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot.
 - þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum,
 - spillingu,
 - svikasemi,
 - hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi,
 - peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka,
 - barnaþrælkun eða annars konar mansal.
- Sama á við þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir brot skv. 1. mgr., er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því.
- Vakin er athygli á því að samningsaðilar hins opinbera skulu vera í skilum með greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra laga ákveðinna gjalda ásamt því að uppfylla önnur almenn hæfisskilyrði til að vera í viðskiptasambandi við ríkisaðila.

Komi til samningsgerðar um tímabundið rannsóknarleyfi, verður kallað eftir upplýsingum varðandi ofangreint.

Aðrar kröfur

- Starfsemin sé atvinnuskapandi
- Leigutaki þarf sjálfur að tengjast helstu innviðum (svo sem rafmagn, vatn og fráveita)
- Jákvætt eigið fé skv. síðasta ársreikningi

Viðskiptaáætlun þarf að gera grein fyrir eftirfarandi að lágmarki:

- Stutt umfjöllun um fyrirhugaða starfsemi
 - Heiti verkefnis
 - Nafn forsvarsmanns, sími og netfang
 - Megintilgangur verkefnisins
- Framkvæmdaáætlun (gera grein fyrir áfangaskiptingu ef við á)
- Umhverfismál starfseminnar, framkvæmdar og annað eins og við á
- Markaðs- og samkeppnisgreining
- Markhópur/viðskiptavinir
- Fjárhagsáætlun og markaðsáætlun



Við mat á tilboðum verður litið til þess hvort viðskiptaáætlun sé sannfærandi, raunhæf og samræmist markmiðum ríkissjóðs fyrir notkun landsins og öðrum kröfum sem hér koma fram. Umsækjendur gera tilboð í hvert tonn sem tekið er í rannsóknarskyni eða gefa upp prósentur af söluverðmæti efnistökkunnar.

Auglýsing þessi felur ekki í sér loforð um samning.

Birting auglýsingar

Auglýsing þessi birtist þann **22. apríl 2024**.

Fyrirspurnir varðandi verkefnið **Rannsóknaleyfi vegna malartöku í Eskey, Hornafirði** skulu sendar á netfangið leigutorg@fsre.is.

Fyrirspurnarfrestur rennur út **5. maí 2024** en svarfrestur er til og með **10. maí 2024**.

Tillögur skal senda á leigutorg@fsre.is, eigi síðar en **kl. 13:00 30. maí 2024**.

Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. a. lið 1. mgr. 11. gr.